

Athugasemd frá Viktori Sighvatssyni

Til : Berglind Guðmundsdóttir
Frá : hrab@outlook.com
Heiti : Athugasemd frá Viktori Sighvatssyni
Málsnúmer : 1211376
Málsaðili : Hafnarfjarðarkaupstaður
Skráð dags : 17.04.2018 17:23:50
Höfundur : hrab@outlook.com

Til bæjaryfirvalda Hafnarfirði.

Við viljum eindregið mótmæla fyrirhugaðri legu Ásvallabrautar milli hússins Brekkuási 1 og 3 annars vegar og nærliggjandi hestúsa hinsvegar.

Lýsi fullu vantrausti á þá aðila sem hafa skipulagt þessa legu vegarins. Á nýlegum borgarafundi þar sem fulltrúar bæjaryfirvalda fóru yfir málin var lögð áhersla á tvö atriði sem gerðu það að verkum að ekki væri hægt að flytja veginn suður fyrir hestúsin eins og margir íbúar hafa beðið um.

Í fyrsta lagi kostnað og hins vegar umhverfisáhrif.

KOSTNAÐUR:

Þar hafa menn verið margsaga. Nefndar hafa verið upphæðir 50 milljónir, 100 milljónir og 400 milljónir. Ef ég skil rétt mun rétt upphæð vera 50-100 milljónir. Það eru smápeningar miðað við hvað er í húfi fyrir íbúana. Og smámunir miðað við þann arðsemisreikning sem liggur til grundvalla þessarri framkvæmd. Niðurstaða mín er að kostnaðurinn sé aukaatriði.

UMHVERFISÁHRIF:

Ég spurði margsinnis á fundinum hver þessi áhrif væru en fékk engin svör. Þarna sat salur fullur af íbúum sem verða fyrir miklu ónæði af þessum vegi en það telst ekki umhverfisáhrif!!! Ég spurði hvort túnin aðlægt eða ljósastaurarnir hafi mótmælt! Hver eru hin óæskilegu áhrif?? Margir á fundinum töldu að þar spilaði makk við hestamenn inn í. Það hýtur að vera fremur lítið atriði að leysa þessa vegalagningu með það í huga að vernda reiðleiðir. Ef engin "önnur" umhverfisáhrif eru til staðar þá falla þessi rök um umhverfisáhrif um sjálft sig. Annað sem kom fram á fundinum eru lygar til að fegra legu vegarins. Kom fram að mismunandi aðferðum er beitt við útreikninga varðandi hljóðmælingar og gera þær þannig að svo líti út að hljóðmengun yrði lítilsháttar. Ætla ekki að reka það hér en sá vinna sýnd að augljóslega svífast menn einskis til að ná sínu fram þótt þurfa beita lygum, fölsunum og blekkingum.

Það eina sem skýrir val á legu þessar vegar er hreinlega getuleysi þeirra sem koma að þessu skipulagi og hið landlæga viðhorf hér á landi að fólk sé til fyrir embættirmennina en ekki embættismennirnir fyrir fólk.

Við hjónin erum búin að eiga íbúð hér síðan 2012 og erum í heimflutningi frá Svíþjóð. Við munum selja okkar íbúð snarlega ef af þessari vegalagningu verður.

Kveðja

Viktor

Viktor Sighvatsson
Brekkuási 1,
221 Hafnarfjörður